

Ed.

54. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem:

- a. eru 20 ára að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. eru eigi sviptir löggræði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til samræmingar við frumvarp það til stjórnarskipunar-
laga um breyting á stjórnarskránni, sem nú liggur fyrir Alþingi, og frumvarp til laga
um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, sem einnig liggur nú fyrir Alþingi.
Frekari skýringa er ekki þörf.